

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. mars 2024

Mál nr. S-6392/2023:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Agnes Ýr Stefánsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Ívari Erni Guðmundssyni

(Páll Kristjánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar 2024, er höfðað með ákæru, útgefni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 24. október 2023, á hendur „Ívari Erni Guðmundssyni, [...], fyrir líkamsárásir með því að hafa, þriðjudaginn 14. desember 2021 utandyra að X, veist með ofbeldi að:

1. A, [...] sem var á þeim tíma þunguð, rífið í hár hennar og dregið hana út úr bifreiðinni Y, sparkað í kvið hennar og bak þar sem hún lá í jörðinni, bitið hana í hægri vísifingur og sparkað í bak hennar svo hún kastaðist harkalega á bifreiðina, allt með þeim afleiðingum að A hlaut brot á vinstri baugfingri, opið sár á hægri vísifingri, tognun og ofreynslu á axlarlið og tognun og ofreynslu á hálsi.

2. B, [...] og hrint henni tvívegis í jörðina, slegið hana með krepptum hnefa hægra megin í andlitið, tekið hana hálstaki þannig að hún lyftist frá jörðu og bitið hana í hægri vísifingur allt með þeim afleiðingum að B hlaut yfirborðsáverka á höfði, tognun og ofreynslu á kjálka, mar á hálsi, rifbrot, opið sár á hægri vísifingri og heilahristing.

Teljast brot í báðum ákæruliðum varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Fyrir hönd A, [...] gerir Ómar R. Valdimarsson, lögmaður, þá kröfu að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. desember 2021 þar til

mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt er krafist þóknunar vegna starfa lögmanns úr ríkissjóð samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.

Fyrir hönd B, [...] gerir Ómar R. Valdimarsson, lögmaður, þá kröfu að ákærða verði gert að greiða brotaþola miskabætur að fjárhæð 2.000.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. desember 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt er krafist þóknunar vegna starfa lögmanns úr ríkissjóð samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.“

Ákærði neitar sök. Verjandi hans krefst þess að hann verði sýknaður en til vara að honum verði ekki gerð refsing. Til þrautavara krefst hann þess að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfi. Þá gerir hann þá kröfu að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi. Loks gerir hann kröfu um að málsvarnarlaun verði greidd úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

Þriðjudaginn 14. desember 2021, laust fyrir kl 14, barst lögreglu tilkynning um átök við X. Fylgdi sögunni að mikið gengi á með hrópum og köllum.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að þegar lögreglan hafi komið á vettvang hafi þrjár konur verið standandi á götunni við X, brotaþolarnir A og B og vitnið C. Voru þær í miklu uppnámi. Sögðu þær að ákærði og vitnið D, fyrrverandi sambylismaður vitnisins C, hefðu komið að heimili þeirra að X þar sem C hefði verið að flytja út og hefði hún því verið að sækja þangað ýmiss konar dót. Hefði D ætlað að taka bifreiðina Z sem C hefði verið á og hefði því komið til orðaskipta milli þeirra. Þá hefðu komið þar að brotaþolarnir B, sem væri systir D, og A dóttir hennar. Þá hefði *allt sprungið í loft upp* og ákærði ráðist á brotaþolann A þar sem hún hefði setið inni í bifreið og rífið hana út úr bifreiðinni og lamið hana. Þegar brotaþolinn B hefði reynt að ganga á milli hefði ákærði einnig ráðist

á hana. Kemur fram að sjá hafi mátt blóðug för á höndum beggja brotþola sem þær hafi sagt vera bitför eftir ákærða. Hafi A kvartað um sársauka í hendinni og sagst vera hrædd um að hún væri fingurbrotin. Þá hafi B sagst finna fyrir eymslum í hálsi sem hún kvaðst rekja til þess að ákærði hefði takið hana hálstaki.

Fram kemur í frumskýrslunni að lögregla hitti vitnið E á vettvangi. Hafi hún sagt að hún hefði verið á leið heim til sín [...] þegar hún hefði þurft að nema staðar við X þar sem þremur bifreiðum hefði verið lagt á miðri akbrautinni. Hún hafi sagst hafa séð stóran og sterkan mann um þrítugt, með derhúfu á höfði, lemja og slá konu í grænni úlpu, sem hafi reynst vera brotþolinn B. Hafi hann síðan komið aftan að henni og tekið hana hálstaki og haldið takinu nokkuð lengi. Hafi hún sagt tvo menn hafa yfirgefið vettvang, hvorn á sinni bifreiðinni.

Í samtölum við brotþola og vitnið C kom fram að ákærði og vitnið D væru mögulega hjá móður B og D að Þ. Fór lögregla því þangað og var sérsveit lögreglunnar með í för. Þar fannst vitnið D fyrir framan við húsið og var hann handtekinn. Ákærði reyndist vera inni í húsinu og var hann einnig handtekinn. Var hann votur um augun og virtist vera undir einhverjum áhrifum.

Bæði ákærði og vitnið D voru fluttir á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík. Ákærði var viðræðugóður. Hann var með áverka á hálsi og andliti sem voru myndaðir.

Vitnið D kvaðst hafa farið með ákærða að X til að ná í bifreið sína sem fyrrverandi kona hans, vitnið C, hefði haft til umráða. Hefði hann farið að rífast við hana þar sem hún hefði ekki viljað láta hann fá lyklana að bifreiðinni. Kvað hann þá brotþolana A og B hafa komið á vettvang og ráðist á ákærða og hefði hann reynt að ganga á milli. Kvaðst hann ekki hafa gert neitt rangt og að ákærði hefði aðeins verið að verja sig gegn árásum brotþolanna.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu umræddan dag. Hann kvað vitnið D hafa komið heim til sín um kl. 6 um morguninn, hágrátandi. Hefði hann þá verið nýbúinn að komast að því að vitnið C hefði sofist hjá öðrum manni skömmu eftir að þau hættu saman og að hún hefði haldið fram hjá honum í þrjá mánuði áður en þau hættu saman.

Í málinu liggja fyrir upptökur í hljóði og mynd af vettvangi í umrætt sinn. Kemur m.a. fram í hljóðupptöku af símtali brotþolans B við Neyðarlínuna að hún segist leita að gleraugum sínum sem hún hafi misst af sér í átökunum. Þá heyrast tvær konur segja að *hann* hafi bitað þær. Á upptöku í hljóði og mynd sést síðan hvar brotþolinn A deilir

við ákærða og reynir að koma hópnum úr bifreið sem hann situr inni í. Virðist hún ná af honum bíllykli og gengur hún að því loknu að annarri bifreið sem er í innkeyrslu við X. Gengur þá ákærði á eftir henni og sparkar í bak hennar þannig að hún fellur á bílhurð og virðist síðan grípa í hana þar sem hún situr inni í bifreiðinni.

Í læknisvottorði F, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 16. febrúar 2022, kemur fram að brotapolinn A hafi leitað á bráðamóttöku LSH 14. desember 2021. Kemur fram að hún hafi verið vakandi, skýr og gefið góða sögu. Hafi hún ekki verið með sjáanlega áverka og ekki með þreifiefymsli í andliti eða hársverði. Ekki hafi verið þreifiefymsli í miðlínu háls, en hún hafi hins vegar verið aum hægra megin við miðlínu, sérstaklega yfir hægri lyftivöðva herðablaðs og sjalvöðva. Hún hefði verið aum yfir hægra viðbeini með mikla verki við fráferslu. Þá hafi hún ekki getað beygt fingur. Við röntgenmyndatöku hafi komið í ljós brot á endakjúku baugfingurs og hún þess vegna fengið spelku í sex vikur. Kom fram það mat læknisins að brotapolinn A hefði orðið fyrir líkamsárás þar sem greinilegs aflsmunar hefði verið beitt og hefði hún valdið fingurbroti og tognun á hálsi og öxl. Færu áverkar saman við lýsingu brotþola á málsatvikum. Taldi læknirinn allar líkur á að fingurbrotið myndi gróa vel og ekki valda varanlegum skaða eða örorku þótt það væri vissulega möguleiki.

Í læknisvottorði sama læknis, dagsettu sama dag, kemur fram að brotapolinn B hafi einnig leitað á bráðamóttöku LSH þennan sama dag. Við skoðun hafi hún verið vakandi, skýr og ekki meðtekin. Hefði hún gefið skýra og greinargóða sögu. Hún hefði verið bólgin hægra megin í andliti með þreifiefymsli yfir hægra kinnbeini og hægra kjálkabeini. Hún hefði verið með rispur og eymsli við áþreifingu framan á hálsi en ekki verið aum aftan á hálsi. Hún hafi þó verið mjög stíf og með mikla vöðvabólgu í herðum og hálsi. Mikil eymsli hafi verið yfir rifbeini 5 sem hafi verið brotið. Mar og sár hafi verið á ystu kjúku hægri handar og blæðing undir nögl. Samandregið segir í læknisvottorðinu að um hafi verið að ræða hættulega líkamsárás með hnefahöggi, kyrkingu og mannsbiti. Fari áverkar saman við lýsingu brotþola á atburðum.

II

Skýrslur ákærða, brotþola og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst þekkja báða brotþola. Hann kvaðst hafa komið ásamt vitninu D að X. Hefðu vitnið D og vitnið C farið að rífast og hefði hann reynt að róa þau. Þegar þeir hefðu verið að fara hefðu brotþolarnir A og B komið á vettvang. Hefði brotapolinn A strax

ráðist að honum og síðan þær báðar, og reynt að ná af honum bíllyklunum. Hefði brotapolinn B náð þeim og hann þá tekið utan um hana og reynt að ná þeim aftur. Kvaðst ákærði telja að hann hefði tekið utan um axlir hennar en hönd hans hefði þó mögulega runnið á háls hennar. Aðspurður um áverka brotapolans B, rifbeinsbrot og mar á hálsi, kvaðst hann ekki telja að þeir væru eftir hann. Hins vegar kynni að vera að bitfar á fingri væri eftir hann, en hann hefði mögulega bitið hana í fingurinn þegar hún hefði stungið fingrinum í munn hans. Hann kannaðist ekki við að hafa hrint henni eða slegið hana. Aðspurður um myndbandsupptöku þar sem hann sést ganga á eftir brotapolanum A og sparka í bak hennar þannig að hún féll á bílhurð sagði hann hana hafa ráðist á sig fyrst og tekið af sér bíllykla. Hann hefði mögulega gengið of langt til að ná af henni lyklunum. Kvaðst hann ekki hafa vitað að hún hefði verið þunguð. Hann kvaðst ekki vita hvort hún hefði fingurbrotnað í átökum þeirra. Kvaðst hann ekki kannast við að hafa sparkað í kvið hennar eða bak. Þá hefði hann ekki bitið fingur hennar. Aðspurður hver hefði átt upptökin að átökunum kvað hann það hafa verið brotapolana B og A. Hefði A haft sig meira í frammi, en hún ætti sögu um ofbeldi.

Brotapolinn A kvaðst hafa komið að X í umrætt sinn ásamt móður sinni, brotapolanum B. Hefðu ákærði og vitnið D þá verið fyrir utan húsið. Hefðu þær ætlað að reyna að koma í veg fyrir að vitnið D, bróðir brotapolans B, færi að heimili móður þeirra þar sem hann hefði verið í miklu uppnámi. Hefði móðir þeirra átt afmæli og þær ætlað að koma í veg fyrir að hann myndi eyðileggja afmælisdag hennar. Þegar þær komu að hefði brotapolinn B spurt hvað væri í gangi en ákærði *trompast* þegar hann hefði séð hana. Hún kvað hafa verið ósætti milli þeirra og ákærða og vitnisins D um skeið. Hún hefði verið mikið með vitninu C og börnum hennar og vitnisins D. Aðspurð um atlögu ákærða að henni kvað hún hárlokk hafa farið, fingurinn brotnað og liðband slitnað. Hún kvaðst ekki muna hvernig hann hefði tekið í hár hennar. Hún hefði sjálf farið út úr bílnum þegar þær hefðu komið á vettvang og farið að rífast við ákærða. Hún kvaðst ekki muna hvort hún hefði tekið bíllykla af ákærða. Hann hefði togað í hár hennar, hrint henni og slegið hana. Hún kvaðst ekki muna hvort hann hefði sparkað í hana. Hún kvað ákærða ekki hafa bitið sig. Aðspurð hvernig hún hefði brotnað á fingri kvað hún það hafa gerst þegar ákærði hefði hrint henni á grindverk, en hún hefði þá fundið sársauka í fingri. Aðspurð hvort ákærði hefði vitað að hún væri þunguð kvaðst hún halda það en þó ekki vera viss.

Brotapolinn B kvað systur sína hafa hringt í sig og beðið sig að fara til bróður þeirra, vitnisins D, til að fá hann ofan af því að fara til móður þeirra, sem hefði átt afmæli þennan dag. Hefði brotapolinn A, dóttir hennar, verið hjá henni og farið með henni að X. Þegar þær hefðu komið hefði ákærði orðið mjög reiður þegar hann hefði séð brotapolann A og hrópað til hennar. Hefði hún þá farið út úr bílnum og svarað fyrir sig. Ákærði hefði þá ráðist á A og farið að sparka í hana og kýla hana. Hefði hann m.a. sparkað í hana liggjandi. Hefði hún eftir það setið í hnipri, meidd á fingri. Kvaðst B þá hafa farið út úr bílnum og beðið ákærða að hætta. Hann hefði þá kýlt hana í andlitið þannig að gleraugu hennar hefðu skotist til hliðar. Kvaðst hún hafa beygt sig eftir gleraugunum en ákærði þá komið aftan að henni og lyft henni upp þannig á hálsinum. Hefði hún reynt að losa takið en það hefði ekki tekist. Hefði hún fundið mikinn þrýsting og kvað hún hljóðhimnu sína hafa sprungið. Hefði henni liðið eins og hún væri *að lognast út af* þegar ákærði hefði loks sleppt takinu. Kvaðst hún ekki gera sér grein fyrir hvað hefði gerst næst en muna að hún og brotapolinn A hefðu reynt að koma í veg fyrir að ákærði kæmist af vettvangi þar sem lögreglan hefði verið á leiðinni. Kvaðst hún hafa náð af honum bíllyklinum en hann hefði við það bitið fast í fingur hennar, gegnum húð og nögl. Ákærði hefði síðan náð lyklinum aftur. B kvaðst aðspurð ekki kannast við að hún hefði rifbeinsbrotnað í þessum átökum en telja hins vegar að hún hefði viðbeinsbrotnað. Hún kvaðst fá martraðir eftir þetta og óttast að hitta ákærða þótt hún vissi að hann væri ekki slæmur drengur.

Vitnið C kvaðst hafa verið stödd fyrir utan X þegar brotapolarnir A og B hefðu komið akandi. Hefði ákærði verið reiður út í brotapolann A eftir fyrri átök og átök hafist milli þeirra. Aðspurð hver hefði átt upptökin að átökunum sagði hún að sér hefði fundist *allir vera í öllum*. Ákærði hefði viljað fara en brotapolarnir A og B viljað koma í veg fyrir það. Hefðu þær náð af honum bíllykli og hann reynt að ná honum aftur. Hefðu átökin aðallega verið milli ákærða og brotapolans A. Kvaðst hún muna eftir að ákærði hefði sparkað í brotapolann A þar sem hún stóð en kvaðst ekki telja að hann hefði gert það meðan hún var liggjandi. Myndi hún eftir að ákærði hefði rifið í hár A. Þá kvaðst hún muna eftir að ákærði hefði tekið brotapolann B kverkataki. Kvaðst hún annars ekki muna þetta vel enda væri langt um liðið.

Vitnið D kvaðst hafa komið að X umræddan dag ásamt ákærða. Kvaðst hann hafa verið í slæmu standi þennan dag enda hefði hann verið nýbúinn að komast að framhjáhaldi vitnisins C, fyrrum sambýliskonu sinnar. Hefði hann verið mjög reiður og ætlað að halda fjölskyldufund vegna þessa. Kvað hann brotapolana A og B hafa komið á

vettvang og verið *brjáláðar* og hefðu slagsmál brotist út. Kvað hann brotapolann A tveimur til þremur vikum áður hafa brotist inn í bústað þar sem hann og ákærði hefðu verið staddir og ráðist á þá. Kvaðst hann ekki muna hvers vegna það hefði verið. Aðspurður kvaðst hann ekki muna eftir átökunum milli ákærða og brotapolanna A og B. Kvaðst hann þó muna að átökin hefðu byrjað á því að A hefði ráðist að ákærða og B síðan blandast í það. Hefði ákærði eingöngu varið sig, allavega til að byrja með. Hann hefði tekið brotapolann hálstaki aftan frá.

Vitnið E kvaðst hafa hafa verið á leið heim til sín umræddan dag en ekki komist leiðar sinnar þegar hún kom að X þar sem tveimur bifreiðum hefði verið lagt þannig fyrir utan húsið að ekki var hægt að aka fram hjá þeim. Hefði hún séð þegar maður réðst á konu, lamdi hana og ýtti henni upp að húsvegg. Þá hefði hún séð hvar kona var lamin þannig að hún endaði í jörðinni. Þá hefði kona verið tekin hálstaki og lyft þannig frá jörðu. Hefði hún ekki snert jörðina í þó nokkra stund.

Lögreglumaður G gaf skýrslu fyrir dóminum. Hann kvað þrjár konur hafa verið á vettvangi þegar lögreglu hefði borið að. Hefðu þær verið í uppnámi og sagt að menn sem þeim tengdust hefðu komið þar að skömmu áður. Aðspurður kvað hann það hafa verið upplifun sína að konurnar hefðu orðið fyrir árás og hefðu tvær þeirra kveinkað sér og verið mjög niðri fyrir.

Lögreglumaður H gaf skýrslu fyrir dóminum gegnum síma. Var hans framburður mjög á sama veg og lögreglumanns G. Kvað hann tvær kvennanna á vettvangi hafa verið með áverka.

F, sérfræðingur í bráðalækningum, gaf skýrslu fyrir dóminum gegnum síma. Hann staðfesti læknisvottorð sín um báða brotapolana. Hann staðfesti einnig að brotapolinn B hefði verið rifbeinsbrotin og ekkert hefði bent til að brotið hefði verið gamalt. Þá hefði bitfar verið nýtt. Varðandi brotapolann A kvaðst hann ekki muna til þess að eitthvað hefði bent til að hár hefði verið rífið úr hársverðinum. Kvað hann áverka hennar hafa verið ferska og í samræmi við þá árás sem hún hefði lýst.

III

Niðurstæða

Ákærði í máli þessu er ákærður fyrir líkamsárásir sem báðar eru taldar varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hann neitar sök. Byggir hann á því að málsatvik séu afar óljós og þótt hann gangist við vissri háttsemi hafi hún verið honum

refsilaus á grundvelli neyðarvarnar. Brotþólar hafi ráðist á hann og hann verið sig. Hafi þær verið tvær gegn honum einum.

Fyrir liggur í málinu að brotþólar A og B komu akandi að X umræddan dag, þar sem vitnin D og C áttu í deilum, en ákærði var einnig á vettvangi. Brutust í kjölfarið út deilur og síðan átök milli ákærða og brotþólanna A og B. Snerust átök þeirra a.m.k. að einhverju leyti um það að brotþólar vildu ná bíllyklum af ákærða til að hann gæti ekki keyrt af vettvangi áður en lögregla kæmi þangað. Er ákærði ákærður fyrir líkamsárásir gegn brotþólanum A og B í tveimur tölusettum liðum.

Verður þá fyrst vikið að fyrri tölulið ákæru. Þar er ákærða gefið að sök að hafa veist með ofbeldi að brotþólanum A, sem á þeim tíma hafi verið þunguð, rifið í hár hennar og dregið hana út úr bifreiðinni Y, sparkað í kvið hennar og bak þar sem hún lá í jörðinni, bitið hana í hægri vísifingur og sparkað í bak hennar svo hún kastaðist harkalega á bifreiðina, allt með þeim afleiðingum að A hafi hlotið brot á vinstri baugfingri, opið sár á hægri vísifingri, tognun og ofreynslu á axlarlið og tognun og ofreynslu á hálslið.

Í skýrslu brotþólans A fyrir dómi kom fram að þegar hún hefði komið á vettvang ásamt brotþólanum B hefði hún sjálf farið út úr bifreiðinni og byrjað að rífast við ákærða. Var framburður brotþólans B samhljóða framburði hennar um það. Er því ekki fallist á að ákærði hafi rifið í hár brotþólans A og dregið hana út úr bifreiðinni, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Þá kvað brotþólinn A ákærða ekki hafa bitið sig, eins og lýst er í ákæru, og er með vísan til þess framburðar hennar ekki fallist á að ákærði hafi gert það. Brotþólinn A var ekki heldur afdráttarlaus um það hvort ákærði hefði sparkað í hana. Kvað brotþólinn B ákærða hafa sparkað í brotþólann A liggjandi en vitnið C taldi hann hins vegar ekki hafa gert það. Er framburður vitna og brotþóla um þetta því bæði misvísandi og óljós. Gegn neitun ákærða verður því ekki fallist á að komin sé fram lögfull sönnun um að hann hafi sparkað í brotþólann A liggjandi eins og honum er gefið að sök í ákæru. Fyrir liggur hins vegar upptaka í hljóði og mynd þar sem ákærði sést sparka í bak brotþólans A þannig að hún kastaðist harkalega á bifreiðina Y, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi. Liggur ekki fyrir að ákærða hafi verið kunnugt um að brotþóli var þunguð, en eins og segir í ákæru var hún aðeins komin sex vikur á leið.

Ákærði er m.a. ákærður fyrir að hafa með umræddri atlögu valdið brotapolanum A broti á hægri baugfingri. A kvaðst, fyrir dómi, hafa fingurbrotnað þegar ákærði hefði hrint henni á grindverk, en hún hefði við það fundið sársauka í fingri. Kvaðst vitnið E einnig hafa séð þegar ákærði ýtti A upp að grindverki eða húsvegg. Ákærði er hins vegar ekki ákærður fyrir þá háttsemi að ýta brotapolanum A á vegg eða grindverk og verður því ekki dæmdur fyrir afleiðingar hennar, fingurbrotið.

Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað að ákærði hafi veist að brotapolanum A og sparkað í bak hennar þannig að hún kastaðist á bifreiðina Y, eins og lýst er í ákæru. Verður hann ekki dæmdur fyrir að hafa valdið brotapolanum A fingurbroti, eins og áður hefur verið rakið. Telur dómurinn hins vegar sannað, með vísan til fyrirliggjandi læknisvottorðs, að sú háttsemi sem hann er hér sakfelldur fyrir hafi valdið tognun og ofreynslu á axlarlið og tognun og ofreynslu á hálslið.

Með vísan til þessarar niðurstöðu eru ekki efni til að heimfæra þá háttsemi sem hann er sakfelldur fyrir í þessum tölulið ákæru undir 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, en hún verður hins vegar heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. sömu laga.

Ekki er fallist á þá vörn ákærða að um neyðarvörn hafi verið að ræða, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber ákærði sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1940 er verk refsilaust, *sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmati árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu auglýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.* Þá segir í 2. mgr. umræddrar 12. gr. laga nr. 19/1940 að hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, *og ástæðan til þess er sú, að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviðað, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín,* skuli honum ekki refsað. Eins og sjá má af myndbandi því sem liggur fyrir í málinu, og lýst var hér að framan, var brotapolinn A á leið frá ákærða þegar hann fór á eftir henni og sparkaði í bak hennar. Fer því fjarri að um neyðarvörn hafi verið að ræða í umrætt sinn.

Í síðari tölulið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa veist með ofbeldi að brotapolanum B og hrint henni tvívegis í jörðina, slegið hana með krepptum hnefa hægra megin í andlitið, tekið hana hálstaki þannig að hún lyftist frá jörðu og bitið hana í hægri vísifingur, allt með þeim afleiðingum að B hlaut yfirborðsáverka á höfði, tognun og ofreynslu á kjálka, mar á hálsi, rifbrot, opið sár á hægri vísifingri og heilahristing.

Brotþólinn B gaf greinargóða og að mati dómsins trúverðuga skýrslu fyrir dómi. Hún kvað ákærða hafa veist að brotþólnum A og hefði hún þá farið út úr bílnum og beðið ákærða að hætta. Hann hefði þá kýlt hana í andlitið þannig að gleraugu hennar hefðu skotist til hliðar. Hún hefði beygt sig eftir gleraugunum en ákærði þá komið aftan að henni og lyft henni upp á hálsinum. Hefði hún fundið mikinn þrýsting og sér liðið eins og hún væri *að lognast út af* þegar ákærði hefði loks sleppt takinu. Hún kvaðst síðan, ásamt brotþólanum A, hafa reynt að koma í veg fyrir að ákærði kæmist af vettvangi, þar sem lögreglan hefði verið á leiðinni, og þegar hún hefði náð af honum bíllyklinum hefði hann bitið fast í fingur hennar, gegnum húð og nögl. Fær framburður hennar stoð í framburði vitnisins E sem kvaðst hafa séð að kona hefði verið tekin hálstaki og henni lyft frá jörðu og lamin þannig að hún endaði í jörðinni. Þá fær framaburður hennar stoð í framburði lögreglumanna sem komu á vettvang í umrætt sinn. Þá kom fram í vottorði læknis að áverkar hennar væru í samræmi við frásögn hennar. Loks fær framburður hennar stoð í hljóðupptöku af vettvangi þar sem fram kemur að hún leiti að gleraugum sínum eftir átökin og að *hann* hafi bitið þær.

Með vísan til þessa er það niðurstaða dómsins að sannað sé að ákærði hafi veist að brotþólanum B með þeim hætti sem lýst er í ákæru og að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að það hafi verið með þeim afleiðingum sem þar er lýst. Þótt brotþólinn B hafi talið í skýrslu sinni fyrir dómi að hún hefði viðbeinsbrotnað við atlögu ákærða, en ekki rifbeinsbrotnað, liggur fyrir vottorð F, sérfræðings í bráðalækningum, um að B hafi verið rifbeinsbrotin. Staðfesti hann það og útskýrði frekar þá niðurstöðu í skýrslu sinni fyrir dómi.

Ákærði ber, eins og fyrr sagði, fyrir sig að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Er það niðurstaða dómsins, með vísan til þess sem sagði í niðurstöðu um fyrri tölulið ákæru um skilyrði neyðarvarnar, að ákærði hafi ekki sýnt fram á að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Þvert á móti liggur fyrir skýr framburður um atlögu hans og að hún hafi ekki verið í neinu samræmi við samskipti milli ákærða og brotþólanans B áður en hann gerðist sekur um umrædda líkamsárás gegn henni. Liggur fyrir, að mati dómsins, að hún reyndi einungis að stöðva átök milli hans og brotþólanans A og síðan að koma í veg fyrir að ákærði færi af vettvangi áður en lögreglan kæmi á vettvang.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða dómsins að komin sé fram lögfull sönnun um að ákærði hafi gerst sekur um það brot sem honum er gefið að sök í

síðari tölulíð ákæru og að það sé rétt heimfært til refsíákvæða, en eins og áður sagði hlaut brotapolinn B m.a. rifbrot við atlögu ákærða.

IV

Ákvörðun refsingar

Ákærði er fæddur [...]. Samkvæmt sakavottorði, dags. 18. október 2023, var honum gert að greiða sekt með lögreglustjórásátt 8. júlí 2020, meðal annars fyrir fíkniefnalagabrot og akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Honum var gert að sæta fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið til þriggja ára, með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 15. júní 2021, fyrir líkamsárás og brot gegn valdstjórninni. Þá var honum dæmdur hegningarauki við þann dóm með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 8. júní 2022, fyrir fíkniefnalagabrot og akstur undir áhrifum fíkniefna, auk þess sem skilorðsbundin refsing fyrri dóms var tekin upp og refsing dæmd í einu lagi. Var honum gert að sæta fangelsi í sex mánuði, sem var skilorðsbundið í tvö ár.

Brot ákærða var framið áður en dómurinn frá árinu 2022 var kveðinn upp og verður honum því dæmdur hegningarauki nú, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður við ákvörðun refsingar litið til þess að um er að ræða ítrekaða líkamsárás, sbr. dóminn frá 15. júní 2021, og að ákærði rauf skilorð skv. þeim dómi. Þá verður, í samræmi við 60. gr. almennra hegningarlaga, skilorðsbundin refsing sem ákærða var dæmd í fyrrgreindum dómi frá 8. júní 2022 tekin upp og ákærða nú gerð refsing í einu lagi.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að af málsgögnum og framburði verður ráðið að samskipti ákærða og brotþola fóru úr böndunum og að ákærði var af þeim sökum í skammvinnu ójafnvægi á verknaðarstundu. Tafir urðu á meðferð málsins fyrir útgáfu ákæru og horfir það til mildunar refsingar og styður einnig þá niðurstöðu að refsing verði hér skilorðsbundin þrátt fyrir að um sé að ræða ítrekaða líkamsárás og rof á skilorði fyrri dóms.

Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til b-liðar 1. mgr. 57. gr., 3. tl. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. í almennum hegningarlögum, er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Einkaréttarkröfur

Hvað varðar úrlausn á bótakröfum liggur fyrir að ákærði hefur samkvæmt báðum töluliðum ákæru verið sakfelldur fyrir líkamsárásir sem beindust að bótakrefjendum og ollu þeim líkamstjóni. Var í báðum tilvikum um að ræða ólögmetta og saknæma háttsemi og eru skilyrði um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu uppfyllt. Eru því uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Almennt má gera ráð fyrir miska vegna brota af þeim toga sem ákærði hefur hér verið sakfelldur fyrir. Að þessu virtu og með hliðsjón af málsatvikum og dómvenju verða miskabætur ákveðnar að álitum, 150.000 krónur til brotapolans A en 250.000 krónur til brotapolans B, með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við 20. desember 2023 en þá er liðinn mánuður frá því að bótakröfurnar voru kynntar fyrir ákærða við þingfestingu málsins. Brotapolar eiga tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærða vegna bótakrafna sinna, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 200.000 krónur í hvoru tilviki fyrir sig, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og verður ákærða einnig gert að greiða brotapolum þá fjárhæð.

Sakarkostnaður

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 1.096.160 krónur, þóknun tilnefnds verjanda síns á rannsóknarstigi, Björgvins Jónssonar, 96.720 krónur, og 117.936 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Agnes Ýr Stefánsdóttir saksóknarfulltrúi.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ívar Örn Guðmundsson, sæti fangelsi í níu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði A 150.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. desember 2021 til 20. desember 2023, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags, og 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði B 250.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. desember 2021 til 20. desember 2023, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga, til greiðsludags, og 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 1.096.160 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, þóknun tilnefnds verjanda síns á rannsóknarstigi, Björgvins Jónssonar, 96.720 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 117.936 krónur í annan sakarkostnað.

Björn Þorvaldsson